

Innleiðing INSPIRE á Íslandi



Kristín Rannveig Snorradóttir

Umhverfisstofnun

14. apríl 2010.

Umfjöllunarefni

- INSPIRE innan ESB
- INSPIRE á Íslandi
 - Undirbúningur
 - Frumvarpið
 - Staðan nú

INSPIRE innan ESB



- INSPIRE er umhverfismál
 - að baki liggur þörf á því að undirbyggja ákvarðanatöku innan ESB í umhverfismálum.
- Markmið INSPIRE er að samnýta opinberar landupplýsingar í umhverfismálum.

INSPIRE innan ESB


- INSPIRE grundvallast á grunngerð fyrir landupplýsingar.
- Grunngerð landupplýsinga er skilgreind á eftirfarandi hátt í tilskipuninni:

„tækni, stefnur, staðlar og mannauður sem þarf til að afla, vinna úr, varðveita, miðla og auka nýtingu á landupplýsingum“.

INSPIRE innan ESB

- INSPIRE setur reglur um landupplýsingar og staðgögn:
 - Skipulag
 - Upplýsingamiðlun
 - Aðgengi

INSPIRE á Íslandi



Undirbúningur innleiðingar á Íslandi

- Umhverfisiráðuneyti aflaði upplýsinga hjá stjórnvöldum
- LMÍ falið að kortleggja til hvaða stjórnvalda INSPIRE tekur.
- Skýrsla LMÍ kom út í nóvember 2008.
- Starfshópur Umhverfisiráðuneytis og Landmælinga Íslands settur á laggirnar.
- Upplýsinga aflað frá sveitarfélögum.

Frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga

- Markmið laganna að byggja upp og viðhalda grunngerð landupplýsinga á vegum stjórnvalda í þeim tilgangi að tryggja aðgengi yfirvalda og almennings að landupplýsingum á Íslandi.

Gildissvið

- Stafrænar landupplýsingar, þ.m.t. staðgögn.
- Einungis gögn í eigu eða á vegum stjórnvalda.
- ATH: Aðrir en stjórnvöld geta fengið leyfi til að tengja gögn sín við vefþjónustuna, uppfylli þeir tæknileg skilyrði og önnur skilyrði laganna.

Gildissvið – frh.

- INSPIRE kemur til framkvæmda í áföngum.
- Þrír viðaukar fylgja INSPIRE-tilskipuninni sem verða útfærðir í reglugerðum.

Þættir staðbundinna landupplýsinga sem tilskipunin nær til.

Viðauki 1

Hnitakerfi,
landfræðilegt reitakerfi,
örnefni,
stjórnsýslueiningar,
staðföng,
lönd og lóðir,
samgöngur,
vatnafar,
verndaðir staðir.

Viðauki 2

Hæð,
yfirborð,
uppréttar fjarkönnunarmyndir
jarðfræði.

Viðauki 3

Tölfræðilegar einingar,
byggingar,
jarðvegur,
landnotkun,
heilsa manna og öryggi,
veitu og stjórnvaldspjónsta,
aðstaða til umhverfiseftirlits,
framleiðslu og iðnaðaraðstaða,
aðstaða fyrir landbúnað og fiskeldi,
dreifing fólksfjölda - lýðfræði
svæðisstjórnun og skýrslueiningar,
náttúruleg áhættusvæði,
skilyrði í lofthjúp,
veðurfræðilegar mælingar,
haffræðilegar mælingar,
innhafssvæði,
líflandfræðileg svæði,
vistgerð,
útbreiðsla tegunda,
orkuauðlindir,
jarðefnaauðlindir.

Landupplýsingagátt

- Samkvæmt frumvarpinu skal koma á fót og starfrækja **landupplýsingagátt** til að veita aðgengi að stafrænum landupplýsingum. Gáttin mun fela í sér aðgang að eftirfarandi vefþjónustu:

1. Lýsigagnþjónusta

- Gerir kleift að leita að landupplýsingum og þjónustu vegna þeirra. Tryggir heildaryfirsýn yfir landfræðileg gögn.

2. Skoðunarþjónusta

– Gerir kleift að skoða gögn, og lýsigögn, fara um, þysja inn/út, hliðra og skara landupplýsingar.

Gerir mögulegt að skoða gögn, t.d. sem mynd á skjá án þess að notandi geti fengið frumgögn til sín.

3. Niðurhalsþjónusta

– Gerir kleift að hala niður (downloada) afritum af landupplýsingum eða fá aðgang að þeim.

4. Vörpunarþjónusta

- Gerir kleift að að varpa landupplýsingum /gögnum til að samhæfni náist. Tengir t.d. saman gögn í ólíkum hnitakerfum til að hægt að hægt sé að skoða þau saman.

5. Þjónusta til að virkja ólíka vefþjónustu landupplýsinga.

- Gerir notendum kleift að tengja saman fleiri en eina kortaþjónustu á vefnum og birta gögn sem eina heild.

Landupplýsingagáttin verður opin öllum, bæði almenningi og stjórnvöldum!

Skyldur stjórnvalda

- Stjórnvöldum ber að sjá til þess að gögn og vefþjónusta verði aðgengileg í gegnum landupplýsingagáttina.
- Ekki verður skylt að afla nýrra gagna vegna laganna, einungis skylt að gera fyrirbyggjandi gögn aðgengileg.

Hlutverk Landmælinga

- Hafa yfirumsjón með framkvæmd laganna, þ.á.m.:
 - Sjá um rekstur, virkni, viðhald og tæknilega þróun vefþjónustu, þ.e. Landupplýsingagáttar.
 - Skulu veita öðrum stjórnvöldum tæknilegan stuðning gerist þess þörf.



Gjaldtaka

- Lýsigagnabjónusta og skoðunarbjónusta skulu vera gjaldfrjálsar.
- Heimilt að innheimta gjald fyrir aðra þjónustu landupplýsingagáttar – þjónustugjald!

Samræmingarnefnd

- 9 manna samræmingarnefnd.
 - Hún skal vera faglegur vettvangur stjórnvalda til að móta stefnu í landupplýsingamálum.
 - Skal vinna aðgerðaráætlun fyrir stjórnvöld til 5 ára í senn.

Innleiðingareglur

- Hjá ESB hafa verið settar innleiðingareglur (e. Implementing rules) til að útfæra tæknilega hlið INSPIRE. Þær verða innleidda með reglugerðum hér á landi. Þær taka m.a. til:
 - Lýsigagna.
 - Samhæfni gagna og þjónustu.
 - Vefþjónustu.
 - Hvernig á að deila gögnum og þjónustu.
 - Eftirlits og upplýsingagjafar.

Staðan

- Frumvarp sent til umsagnar rúmlega 50 stofnana og samtaka.
- Er nú til meðferðar hjá Alþingi.